

Sveitarstjórn samþykkir að nýta áskriftarhlut að upphæð kr. 9.728.882 samkvæmt fjárhagsáætlun.

10. Breyting á starfi skipulagsfulltrúa:

Sveitarstjórn samþykkir að frá og með 1. janúar 2013 taki skipulagsfulltrú Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps yfir starfsemi byggingarfulltrúa í sveitarfélögunum sem hingað til hefur verið sinnt af byggingarfulltrúa Norðurþings og felur sveitarstjórum sveitarfélaganna að ganga frá samningi við skipulagsfulltrúa þar að lútandi.

11. Fulltrúi Þingeyjarsveitar á aðalfundi Eyþings:

Lagt til að Dagbjört Jónsdóttir taki sæti aðalfulltrú Þingeyjarsveitar á aðalfundum Eyþings í stað Tryggva Harðarsonar. Samþykkt samhljóða.

12. Fulltrúi Þingeyjarsveitar í VerkNaust:

Lagt til að Ólína Arnkelsdóttir taki sæti aðalfulltrúa í VerkNaust og varamaður verði Dagbjört Jónsdóttir. Samþykkt samhljóða.

13. Frestun næsta fundar sveitarstjórnar:

Ákveðið að fresta fundi sveitarstjórnar sem halda átti 27. september n.k. vegna Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Næsti fundur verður þess í stað 4. október n.k. Samþykkt samhljóða.

Til kynningar:

Fundargerð 54. fundar Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna og KÍ v/Félags tónlistarkennara 30.08.2012:

Fundargerð 27. fundar Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara 30.08.2012:

Fundargerð 6. fundar Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla 06.09.2012:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:40



Eldri borgarar í Þingeyjarsveit (60 ára og eldri)

Sem fyrr bjóðum við eldri borgurum í Þingeyjarsveit upp á að kaupa sér máltíðir í mötuneyti Stórutjarnaskóla. Í vetur eru máltíðir í boði **í hádeginu alla virka daga**, (mánudaga til föstudaga) og hefur mötuneytið þegar tekið til starfa.

Staður: Stórutjarnaskóli (matsalur)

Tími: Allir virkir dagar kl 12:50

Verð: Kr 600- máltíðin

Æskilegt er að skrá sig í matinn í s.l. fyrir kl 10:00 þann dag sem borðað er í síma 464-3222, sem er síminn í eldhúsi skólans. Ath. Matseðilinn má nálgast á heimasíðu skólans: www.storutjarnaskoli.is

Vonumst til að sjá sem flesta

Með góðri kveðju
skólastjóri Stórutjarnaskóla

NORÐLENSKA

SLÁTURSALA 2012

**Slátursala hefst fimmtudaginn 27.sept.
og lýkur föstudaginn 12.október.**

Opið frá: 10:00 > 12:00 og 13:00 > 17:00
Alla virka daga

Mörbrytjun er í boði á þriðjudögum og
fimmtudögum.

Nauðsynlegt er að panta brytjun deginum áður.

**Í öllum tilfellum er veruleg hagræðing í því að
vörur séu pantaðar fyrirfram.**

Sími í slátursölu: 460-8897

Hollur og góður matur á frábæru verði

Geymið auglýsinguna

hremmingum bestu þakkir og hvetur íbúa til að þiggja þá aðstoð sem í boði er og styðja hvern annan. Eins þakkar sveitarstjórn þann hlýhug og stuðning sem stjórnvöld og sveitarstjórnir víðs vegar af landinu hafa sýnt.

3.Breyting á rekstrarleyfi – Langavatn:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá frá sýslumanninum á Húsavík um breytingu á rekstrarleyfi til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga, á Langavatni. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við erindið.

4.Viðbót við fyrra rekstrarleyfi – Ferðapjónustan Brekka ehf.:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá frá sýslumanninum á Húsavík um viðbót við fyrra rekstrarleyfi til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga, fyrir Ferðapjónustuna Brekku ehf. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við erindið.

5.Erindi frá Harmónikufélagi Þingeyinga og Félagi harmónikuunnenda:

Tekið fyrir erindi frá Sigurði Ólafssyni fyrir hönd undirbúningsnefndar Harmónikufélags Þingeyinga og Félags harmónikuunnenda við Eyjafjörð þar sem óskað er eftir velvild sveitarfélagsins varðandi undirbúning fyrir Landsmót sambands íslenskra harmónikuunnenda (SÍHU) sem fyrirhugað er að halda á Laugum 2014.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að setja sig í samband við mótshaldara.

6.Myndbrot úr Þingeyjarsveit:

Lagt fram erindi frá Simoni Sverrissyni „Myndbrot úr Þingeyjarsveit“ sem fjallar um kynningarmyndbönd og kynningarefni. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

7.Fjárhagsstaða:

Lagt fram yfirlit um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Fjármálastjóri og aðalbókari mættu til fundarins og gerðu grein fyrir fjárhagsstöðu eftir fyrstu sex mánuði ársins.

8.Gjástykki – Dómur frá 20.06.2012:

Sveitarstjórn fór yfir niðurstöðu héraðsdóms í máli Reykhlíðunga gegn Þingeyjarsveit og Norðurþingi. Farið var yfir aðalsök, gagnsök og meðalgöngusök í málinu. Reykhlíðungar hafa fyrir sitt leyti áfrýjað málinu til Hæstaréttar.

Sveitarstjórn ályktar að taka til varna fyrir Hæstarétti gegn kröfum Reykhlíðunga sem og að áfrýja sérstaklega niðurstöðu héraðsdóms um landamerki milli Þeistareykja og Ásheiðar.

9.Greið leið ehf. – Áskriftarréttur að hlutafé:

Lagt fram erindi frá Greiðri leið ehf. um hækkun á hlutafé félagsins um kr. 100.000.000 sbr. ákvörðun aðalfundar 30.06.2011. Þingeyjarsveit hefur áskriftarrétt að hlutafé í hlutfalli við núverandi hlutafjáreign sína í félaginu, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
109. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 13. september 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Breyting á rekstrarleyfi – Langavatn:
3. Viðbót við fyrri rekstrarleyfi – Ferðaþjónustan Brekka ehf.:
4. Erindi frá Harmóníkufélagi Þingeyinga og Félagi harmónikuunnenda:
5. Myndbrot úr Þingeyjarsveit:
6. Gjástykki – Dómur frá 20.06.2012:
7. Greið leið ehf. – Áskriftarréttur að hlutafé:
8. Breyting á starfi skipulagsfulltrúa:
9. Fulltrúi Þingeyjarsveitar á aðalfundi Eyþings:
10. Fulltrúi Þingeyjarsveitar í VerkNaust:
11. Fjárhagsstaða:

Til kynningar:

- A) Fundargerð 54. fundar Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna og KÍ v/Félags tónlistarkennara 30.08.2012:
- B) Fundargerð 27. fundar Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara 30.08.2012:
- C) Fundargerð 6. fundar Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla 06.09.2012:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Ásta Svavarsdóttir og Eiður Jónsson í forföllum Friðriku Sigurgeirsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð. Árni Pétur Hilmarsson forfallaðist á síðustu stundu vegna björgunarstarfa.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir breytingu á dagskrá, að færa 11. lið; Fjárhagsstaða undir 6. lið. Einnig óskaði hann eftir að tekið yrði á dagskrá undir 2. lið; Náttúruhamfarir í sveitarfélaginu og undir 12. lið; Frestun næsta fundar sveitarstjórnar, aðrir liðir færast því neðar á dagskrána sem því nemur. Samþykkt samhljóða.

2. Náttúruhamfarir í sveitarfélaginu:

Sveitarstjórn fór yfir ástandið sem skapast hefur í sveitarfélaginu vegna þeirra náttúruhamfara sem urðu upp úr síðustu helgi. Ekki er ljóst hversu mikið tjón er en allt bendir til að það sé víðtækt og mikið. Sveitarstjórn sendir björgunarsveitum og öðrum sem komið hafa íbúum til aðstoðar í þessum



*Jæja, svona ætlum við að hafa það í haust í
Kaffi Borgum.*

20. okt. = *Villibráðaveisla og söngskemmtun
með tvöfalda „gleði“, kvartettinum Garðari Hólmi.
Verð 4.700.- á mann.*

17. nóv. = *Klassískur 3ja rétta kvöldverður
og óviðjafnanleg þingeyisk söngskemmtun.
Verð 3.700.- á mann og 2 fyrir 1 á krana.*

8. des. = *Sannkölluð jólagleði. Hlaðborð og
jólasöngskemmtun
með tvöfalda „hamingju“, kvartettinum Garðari Hólmi.
Verð 6.200.- á mann.*

*Minum á mjög takmarkaðan sætafjölda.
Borðapantanir hjá Fredða í síma 698-6810.*

Nánari aðventudagskrá verður auglýst síðar



Við höfum nú fengið sendingu af úrvals fisk frá Grenivík. Við erum með sjófrystan þorsk og ýsu, auk þess sem harðfiskurinn stendur alltaf fyrir sínu.

Við munum í vetur baka rúnstykki, vínarbrauð og annað bakkelsi um helgar. Hvað er betra með morgunkaffinu?

Þó að kreppan sé auðvitað löngu búin að þá eru allir velkomnir í Dalakofann á laugardagsmorgnum í kaffi og spjall í góðra vina hópi. Sjáumst þar í vetur.

Boltinn í beinni:

Laugardagur 22. sept Swansea - Everton kl. 11:45

Laugardagur 22. sept Chelsea - Stoke kl. 14:00

Sunnudagur 23. sept Liverpool - Man. Utd. kl. 12:30

Sunnudagur 23. sept Man. City - Arsenal kl. 15:00

Við munum í vetur fá vikulega sendingu af jöklaasalati og klettsalati, ásamt öðru fersku grænmeti og ávöxtum.

Verið ávallt velkomin,

Útibú ehf./Dalakofinn

s. 464-3344

Aðalfundur kjördæmisráðs Samfylkingarinnar

í Norðaustur kjördæmi verður haldinn laugardaginn, 22.
september, kl. 11-16, á Fosshótel Húsavík.

Dagskrá þingsins:

1. Kosning fundarstjóra

2. Skýrsla stjórnar

3. Reikningar kjördæmisráðs lagðir fram

4. Kosningar

Formaður- Gjaldkeri

Aðrir í stjórn og varastjórn

Skoðunarmenn reikninga

Fulltrúar í flokksstjórn

Kosning kjörstjórnar

5. Tillaga stjórnar um fyrirkomulag prófkjörsmála

6. Önnur mál

Stjórnin

38.tbl.

20..sept

2012

19. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Auglýsing um Opið hús haustið 2012



Kæru íbúar Þingeyjarsveitar 60 ára og eldri.

Opið hús verður sem hér segir fyrir jól:

Hafralækjarskóli 25.sept. 16.okt. 6.nóv. 27.nóv.

Breiðamýri 2.okt. 23.okt. 13.nóv. 4.des.

Stórutjarnaskóli 9.okt. 30.okt. 20.nóv. 11.des.

Alltaf á þriðjudögum.

4 sinnum á hverjum stað fyrir jól.

Hádegismatur er í boði kl. 13:00 og kostar 600 kr.

Þeir sem ætla að borða þurfa að láta vita fyrir hádegi daginn áður.

Hafralækjarskóli sími 464-3583

Litlulaugaskóli sími 464-3166

Stórutjarnaskóli sími 464-3222

Dagskrá hefst kl. 14: 00.

Það verður ýmislegt til skemmtunar s.s. söngur, hljóðfæraleikur, myndasýningar og upplestur.

Eins og áður verður spiluð félagsvist í Stórutjarnaskóla.

Ef einhverjir vilja koma með og flytja efni til skemmtunar og fróðleiks er það að sjálfsögðu vel þegið.

Verið öll velkomin.

Umsjónarfólk :

Anna sími 462 6347

Halla sími 464 3562

Kristjana sími 848 7324

Svana sími 462-6914